



Reykjavík, 13. mars 2019
R18110228

Forsætisnefnd

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um sundurliðaðan kostnað vegna fundarherferðar borgarstjóra

Á fundi forsætisnefndar þann 16. nóvember 2018 lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir sundurliðuðum kostnaði af fundarröð borgarstjóra sem farið var í fyrir og eftir kosningar (1. janúar til 15. nóvember), þá er átt við veitingar, salarleigu, prentun bæklinga, auglýsingar í prentmiðlum og ljósvakamiðlum og allt annað sem hefur verið kostnaðarfært.

Svar:

Hjálagt er yfirlit yfir alla opna fundi borgarstjóra sem og íbúafundi borgarstjóra sem haldnir voru á tímabilinu 1. janúar til 15. nóvember 2018. Nánari útskýring á kostnaði fundanna er eftirfarandi. Í tveimur tilfellum var einungis boðið upp á kaffi, vatn og te og engir reikningar sendir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara vegna þess. Engin framreiðsla var á íbúafundum borgarstjóra. Fundirnir voru auglýstir með mismunandi hætti og í sumum tilfellum var einungis auglýst t.a.m. á heimasíðu borgarinnar, Facebook-síðu og/eða í gegnum póstlista. Enginn leigukostnaður fellur til vegna funda borgarstjóra í Tjarnarsal Ráðhúss.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Dagný Ingadóttir

Hjálagt:

Yfirlit yfir opna fundi frá 1. janúar - 15. nóvember 2018,